

Úr bók Sveins Einarssonar; Íslensk leiklist II, sem kom út 1996 hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi, á bls. 185:

„... Því var gripið til þess að sýna Ævintýri á gönguför eina ferðina enn til að losna við tómahljóðið í kassanum ... og meira að segja gagnrýnendur voru vingjarnlegri en nokkrum árum fyrr ... Hlutverkaskipan var að mestu hin sama og áður ... en Herlöv var Jón Kristjánsson, síðar nuddlæknir, sem hafði skotist inn í Alt Heidelberg, eins og fleiri stúdentar; hann þótti óvenju efnilegur, en í lengdist ekki í þjónustu Thalíu.“